

**Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Ársreikningur 2007**

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 510169-4339

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	7
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5	Skýringar	8
		Fylgiskjal: Údráttur úr fjárfestingastefnu	14

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. er sameignarsjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 108 millj. kr. vegna 173 sjóðfélaga, en þau voru 94 millj. kr. árið áður.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 428 millj. kr., sem er 16% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 187.

Sjóðfélagar, sem hafa greitt iðgjöld til sjóðsins, eiga rétt á lánveitingum frá sjóðnum, að fjárhæð allt að 10 millj. kr.


Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 12.954 millj. kr. í árslok 2007. Á árinu hækkaði hún um 1.088 millj. kr. eða um 9,2%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok, námu skuldbindingar sjóðsins 14.675 millj. kr. Eignir sjóðsins umfram skuldbindingar nema 37 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Engir starfsmenn eru hjá sjóðnum, en Kaupþing banki hf. annast og kostar daglegan rekstur sjóðsins.


Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31.mars 2008.

Stjórn



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 31.mars 2008.

KPMG hf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		23.304	20.151
Iðgjöld launagreiðenda		85.096	73.570
		108.400	93.721
Lífeyrir:			
Lífeyrir	7	427.579	368.464
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	3	387.580	370.226
Vaxtatekjur og gengismunur	4,8	1.023.853	1.094.399
		1.411.434	1.464.625
Fjárfestingargjöld:			
Önnur fjárfestingargjöld	5,9	0	1.500
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5,9	3.630	2.215
Hækkun á hreinni eign á árinu		1.088.625	1.186.167
Hrein eign frá fyrra ári		11.865.757	10.679.590
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	17	12.954.380	11.865.757

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum		2.795.916	2.392.884
Verðbréf með föstum tekjum		9.623.870	9.218.363
Veðlán		317.206	298.423
	12-15	<u>12.736.992</u>	<u>11.909.670</u>
Kröfur:			
Ýmsar kröfur		<u>23.711</u>	<u>29.874</u>
Aðrar eignir:			
Sjóður og veltiinnlán		<u>213.556</u>	<u>32.968</u>
	Eignir samtals	<u>12.974.259</u>	<u>11.972.512</u>
Skuldir:			
Skuld við lánastofnanir		0	79.941
Aðrar skuldir	16	<u>19.879</u>	<u>26.815</u>
	Skuldir samtals	<u>19.879</u>	<u>106.756</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	17	<u>12.954.380</u>	<u>11.865.757</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		108.400	93.721
Fjárfestingartekjur		47.869	63.553
Afborganir verðbréfa		826.747	741.380
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		2.360.763	2.095.233
Seld verðbréf með föstum tekjum		302.662	707.227
Aðrar innborganir		0	73.867
		<u>3.646.441</u>	<u>3.774.981</u>
Útgreiðslur:			
Lífeyrir	7	427.579	368.464
Rekstrarkostnaður	9	4.075	3.716
Aðrar útgreiðslur		84.359	14.369
		<u>516.012</u>	<u>386.549</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		3.130.429	3.388.432
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		2.371.703	1.453.925
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		542.586	1.930.128
Ný veðlán		35.550	21.500
		<u>2.949.840</u>	<u>3.405.553</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum		180.589	(17.121)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>32.968</u>	<u>50.089</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>213.557</u>	<u>32.968</u>

Skýringar

Reikningskilaaðferðir

Grundvöllur reikningskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini eru færð á markaðsverði.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2007. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Tekjur af eignarhlutum

3. Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur

4. Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

5. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Fjárfestingar

6. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok ef um skráð verðbréf er að ræða, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum sem hafa fasta vexti eru eignfærð miðað við þá ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á. Verðbréf með föstum tekjum sem hafa tiltekna vaxtamiðun eru eignfærð miðað við stöðu á undirliggjandi eignum sem mynda tiltekið vaxtaviðmið.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni að teknu tilliti til niðurfærslu vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Skýringar, frh.:

Lífeyrir

7. Greiddur lífeyrir:	2007	2006
Ellilífeyrir	345.543	296.198
Makalífeyrir	61.315	56.231
Örorkulífeyrir	19.665	15.654
Barnalífeyrir	584	381
Erfðagreiðslur	472	0
Lífeyrir samtals	<u>427.578</u>	<u>368.464</u>

Fjárfestingartekjur

8. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:		
Markaðsskuldabréf	943.519	961.813
Veðskuldabréf	30.515	33.091
Hlutdeildarskírteini	38.178	96.264
Aðrar vaxtatekjur	11.641	3.231
	<u>1.023.853</u>	<u>1.094.399</u>

Rekstrarkostnaður

9. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
Endurskoðun og gerð reikningsskila	943	875
Tryggingafræðingur	828	466
Fjármálaeftirlitsgjald	1.859	800
Árgjald til Landssamtaka lífeyrissjóða	0	32
Sérfræðiþjónusta og umsjónarkostnaður	0	1.501
Annar kostnaður	0	42
	<u>3.630</u>	<u>3.716</u>
Fært á fjárfestingargjöld	0	(1.501)
	<u>3.630</u>	<u>2.215</u>

10. Á árinu voru ekki greidd laun né aðrar þóknanir til stjórnar eða framkvæmdarstjóra sjóðsins.

11. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

Endurskoðun ársreiknings	660	613
Gerð ársreiknings	283	263
	<u>943</u>	<u>875</u>

Skýringar, frh.:

Fjárfestingar

12. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Eignarhluti	2007	2006
Eignarhlutir í félögum skráðum í Kauphöll Íslands:			
Kaupþing banki hf.	0,2%	604.816	1.235.926
Landsbanki Íslands hf.	0,2%	483.533	443.097
Exista hf.	0,3%	33.575	41.332
Glitnir banki hf.	0,0%	0	6.451
		<u>1.121.924</u>	<u>1.726.806</u>
Erlend hlutabréfaeign		<u>6.071</u>	<u>13.619</u>
Hlutdeildarskírteini			
Innlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir		1.408.684	226.933
Erlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir		259.237	425.526
		<u>1.667.921</u>	<u>652.459</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals		<u>2.795.916</u>	<u>2.392.884</u>

13. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð	8.125.510	7.543.448
Skuldabréf lánastofnana	910.221	1.033.095
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	214.411	238.852
Skuldabréf fyrirtækja	373.729	402.968
	<u>9.623.870</u>	<u>9.218.363</u>

Áætlað markaðsverð bréfanna var 8.951 millj. kr. í árslok 2007.

14. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	2.530.607	265.309	2.795.916
Verðbréf með föstum tekjum	9.623.870	0	9.623.870
Veðlán	317.206	0	317.206
	<u>12.471.684</u>	<u>265.309</u>	<u>12.736.992</u>

Skýringar, frh.:

15. Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2007, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raun- ávöxtun*	Viðmið**
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	4,2%	0,9%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,5%	
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana	5,4%	
Hlutabréf, innlend	25,2%	(6,4%)
Hlutdeildarskírteini, innlend	0,1%	
Gengistryggð bréf	(7,2%)	(11,1%)
Sjóðsfélagalán	4,3%	
Önnur verðbréf	4,3%	

* Raunávöxtun:

Ávöxtun sjóðsins, umfram verðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs, miðað við meðalávöxtun verðbréfaflokka í upphafi og lok árs.

** Viðmið:

Markflokkar ríkisskuldabréfa með 5 ára meðaltíma.
Hlutabréf á aðallista Kauphallar Íslands.
Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI) í íslenskum krónum.

Skuldir

16. Aðrar skuldir greinast þannig:

	2007	2006
Ógreidd staðgreiðsla af lífeyri	19.235	18.830
Aðrar skuldir	644	7.985
	<hr/>	<hr/>
	19.879	26.815

Skýringar, frh.:

Skuldbindingar

17. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur heildar lífeyrisskuldbinding sjóðsins 14.675 millj. kr. í árslok 2007 miðað við 2% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2007 er 14.712 millj. kr. eða 37 millj. kr. hærri. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2007 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	12.954	0	12.954
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	946	0	946
Fjárfestingagjöld	(70)	0	(70)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	882	882
Eignir samtals	<u>13.830</u>	<u>882</u>	<u>14.712</u>
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	11.169	1.141	12.310
Örorkulífeyrir	282	30	312
Makalífeyrir	1.851	115	1.966
Barnalífeyrir	3	3	6
Dánarbætur	4	9	13
Rekstrarkostnaður	58	10	68
Skuldbindingar samtals	<u>13.367</u>	<u>1.308</u>	<u>14.674</u>
Eignir umfram skuldbindingar	462	(425)	38
Í hlutfalli af skuldbindingum	3,5%	(32,5%)	0,3%

Skýringar, frh.:

Kennitölur

18. Kennitölur:

	2007	2006	2005	2004	2003
Hrein raunávöxtun	5,8%	6,5%	15,8%	19,0%	11,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	11,5%	11,5%	9,8%	6,4%	5,5%
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	22,0%	20,1%	24,5%	20,4%	16,6%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	67,1%	64,5%	58,8%	57,5%	53,9%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,2%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	8,4%	12,9%	13,8%	17,7%	23,1%
Veðlán, óskráð	2,5%	2,5%	2,9%	4,3%	6,2%
Eignir í íslenskum krónum	97,9%	96,0%	98,0%	99,0%	99,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2,1%	4,0%	2,0%	1,0%	1,0%
Fjöldi sjóðfélaga	173	179	192	210	243
Fjöldi lífeyrisþega	187	188	182	173	162
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	80,8%	73,9%	73,1%	77,0%	80,3%
Makalífeyrir	14,3%	9,1%	16,5%	18,9%	15,8%
Örorkulífeyrir	4,6%	15,4%	8,8%	3,9%	3,7%
Barnalífeyrir	0,1%	1,6%	1,6%	0,2%	0,2%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbind- bindingar	0,3%	(1,4%)	0,2%	9,8%	5,2%
Hrein eign umfram áfallnar skuld- bindingar	3,5%	2,4%	4,1%	13,5%	8,1%

Skilgreiningar:

Hrein raunávöxtun	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá.
Fjöldi sjóðfélaga	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
Fjöldi lífeyrisþega	Meðaltali fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

Fylgiskjal

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2008 (úrdráttur)

Forsendur fjárfestingastefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sjóðsins og samkvæmt nánari reglum Fjármálaeftirlitsins.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta launa sinna og örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga. Sjóðfélagi sem lætur af starfi og orðinn er 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu 5 almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Umreikningur miðast við breytingu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og launavísitala. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur látið af störfum þegar 60 ára og hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31.12.1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðsfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Samantekt þessi um ákvæði samþykka sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Kaupþingi Líftryggingum hf.

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna Lsj. starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.		
	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0% -15%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	65%	50% -90%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5%	0% -10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	10%	5% -15%
Fasteignatryggð skuldabréf	3%	0% -10%
Hlutabréf	12%	0% -15%
Önnur verðbréf	5%	0% -20%
Samtals	100%	
Hlutabréf	12%	0% -15%
Innlend hlutabréf	10%	0% -15%
Erlend hlutabréf	2%	0% -5%
Önnur verðbréf	5%	0% -20%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0% -15%
Annað	0%	0% -5%